

## Námskrá leiklist 7. bekkur

### Leiklist

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarförum, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktecta.

Tilraunir með mismunandi frásagnaraðferðir, málfar, málsnið og blæbrigði tungumálsins eru mikilvægur hluti af sköpunarferlinu í leiklist. Í listforminu er hið óyrra þó ekki síður mikilvægt en hið talaða mál og þannig reynir það á tjáningu í víðasta skilningi þess orðs.

**Vinnulag:** Nemendur læra einfalda leiktækni og þjálfa framkomu og samsköpun. Leitast við að laða fram sköpunargleði, frumkvæði og samkennd í gegnum leik og með verkefnum sem eru lögð fyrir. Nemendur vinna í hóp og taka virkan þátt í umræðum um verk sín og annarra.

**Námsmat:** Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Námsmat skiptist í **leiðsagnarmat**, þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu, hópverkefni, framkomu o.fl. og **lokamat** þar sem hæfni nemenda er metin. Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem hæfniviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.

**Kennrarar:** Umsjónarkennrarar 7. bekkjar

**Tímaáætlun:** 80 mínútur á viku, í fimm vikna lotum.

## Námskrá leiklist 7. bekkur

| Leiklist                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Hæfniviðmið<br>Nemandi getur:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | Námsefni                                                                           | Kennsluhættir                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | Námsmat                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | Vitnisburður                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| <u>Sköpun og samvinna</u> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi, lagt fram sínar eigin hugmyndir og hugmyndir jafningja.</li> <li>• skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu,</li> <li>• nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í</li> </ul> | Efni frá kennara<br><br>Handrit frá kennara<br><br>Ipad til upptöku og myndvinnslu | <b>Kennt gegnum leik</b> – leikir og æfingar notaðar til að þjálfa færni nemanda m.a. í tjáningu, framsögn og samvinnu.<br><br><b>Spuni</b> – Spunaæfingar og leikir notaðir til að virkja ímyndunarafl og skapa stutta leikþætti<br><br><b>Hópverkefni</b> - Nemendur vinna saman í hóp til að skapa stutt verk út frá kveikju.<br><br><b>Leiksýning</b> - Allir nemendur í árgangi setja upp leiksýningu fyrir yngri stig skólans. | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur fá einkunn og umsögn fyrir lotuna sem byggir á námsþáttum og hæfniviðmiðum</li> <li>• Markmiðin er sett fram munnlega og með sýnikennslu.</li> <li>• Í verkefnum er verið að meta virkni, sjálfstæði, hópavinnu, tjáningu og beitingu tækni.</li> </ul> | Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem hæfniviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.<br>Nemendur fá umsögn í bókstöfum á hæfnikortið sem er sýnileg í Mentor.<br><br><b>A</b> Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.<br><br><b>B+</b> Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A. |

## Námskrá leiklist 7. bekkur

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |  |  |  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|--|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar</p> <p><u>Vinnubrögð</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Notað einfalda leikmuni, sviðsbúnað og búninga til að styðja við sköpun sína.</li> <li>● lært stuttan leiktexta og flutt hann í hlutverki á skýran hátt fyrir framan áhorfendur.</li> <li>● beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi,</li> </ul> |  |  |  | <p><b>B</b> Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p><b>C+</b> Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.</p> <p><b>C</b> Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> <p><b>D</b> Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.</p> |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|--|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

## Námskrá leiklist 7. bekkur

|                               |  |  |  |  |
|-------------------------------|--|--|--|--|
| látbragðsleik,<br>kyrrmyndum) |  |  |  |  |
|-------------------------------|--|--|--|--|

## Námskrá leiklist 7. bekkur

|                                                                                                                                                    |  |  |  |  |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|--|--|
| og lýst algengum sviðsbúnaði.                                                                                                                      |  |  |  |  |
| • rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag. |  |  |  |  |